

Nr. 19-116 S 071 Selfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 9433456
Útgerð: Eimskip ehf
Smíðaður: Kína, 2008, stál
Fánaríki: Færeyjar (FAS)
Stærð: 7,464 BT
Mesta lengd: 129,6 m
Breidd: 20,82 m Dýpt: 6,0 m
Vél: MAK, 2008.
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2019 var Selfoss við landfestar á Ísafirði. Veður: ANA 1 m/s.

Við lestun á Ísafirði var einn skipverjinn á leið niður í lest númer 5 þegar hann rann til í lóðréttum stiga og féll á hægri síðu. Við skoðun læknis á Húsavík kom í ljós að hann var rifbeinsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var kominn í neðsta þrepið á stiganum þegar hann missti takið, féll aftur fyrir sig og lenti með bakið á rekkverki sem á að varna því að menn falli niður í lestina;
- að það hafði ringt og var skipverjinn með blauta vettlinga á höndum.

Nefndarúlit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.